

1873.

16. apríl.

af jafnaðarsjóðunum, ef þess verður þörf, en það mun varla koma fyrir, með því ætla má, að sýslunefndirnar þegar í stað geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á.

6. maí.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðastyrk handa Óla póstmeistara Finsen.

Eftir að þér, herra landshöfðingi, með bréfi 22. marz þ. á. hafið mælt með bænarskrá nokkurri til stjórnarráðsins, þar sem póstmeistarinn í Reykjavík, Óli Finsen, sækir um styrk til kostnaðarins við dvöl hans í Danmörku, til þess að kynna sèr störf póstembættismanna, samkvæmt því, sem honum var gjört að skyldu þá er hann var skipaður póstmeistari, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir veitt póstmeistara Óla Finsen 100 rd. til þess að greiða fyrnefndan kostnað, auk 50 rd. þóknunar, sem honum er veitt með öðru bréfi dómsmálastjórnarinnar í dag, og sendum vèr yður póstávísun til beggja upphæða, til þess þér fáið þær þeim í hendur, sem í hlut á.

Fyrir móttöku fjárins væntum vèr að fá kvittun yðar.

6. maí.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun handa Óla póstmeistara Finsen.

Í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér hafið sett Óla Finsen, sem skipaður er póstmeistari frá 1. aprílm. þ. á., til þess að standa á eigin ábyrgð fyrir afgreiðslu póstsendinga þeirra, sem komu til Reykjavíkur með póstgufuskipinu í marzm., og þeirra innaulands